

Tillögur aðildarféлага til búnaðarþings 2020 sem vísað er til innviðanefndar þingsins.

1. Tillaga frá Samtökum ungra bænda

Efni: Jarðamál

Aðalfundur Samtaka ungra bænda 2020 haldinn í Varmalandi 17.-18. janúar skorar á ríkisstjórn Íslands að útfæra leiðir sem koma böndum á hömlulaus uppkaup jarða. Í þeim tilfellum þar sem stór landsvæði eru nú orðin í eigu erlendra aðila er um fullveldismál að ræða og mikilvægt að brugðist verði við því sem allra fyrst. Jarðasöfnun á hendur færri og færri aðila sem stunda ekki rekstur á jörðum sínum né hafa þar fasta búsetu hefur mjög neikvæð áhrif á byggðaðróun í landinu.

2. Tillaga frá Samtökum ungra bænda

Efni: Forkaupsréttur sveitarfélaga

Aðalfundur Samtaka ungra bænda 2020 haldinn í Varmalandi 17.-18. janúar leggur til að kannaðir verði kostir þess að koma aftur á forkaupsrétti sveitarfélaga á jörðum. Fundurinn felur stjórn að leggja greinargerð þess efnis fyrir aðalfund SUB 2021.

Greinargerð

Við virkjun forkaupsréttar sveitarfélaga gætu þau haft kost á að kynna sér fyrirhugaða nýtingu jarðar og hvernig hún samræmist aðalskipulagi sveitarfélagsins. Komi í ljós að fyrirhuguð nýting samræmist ekki aðalskipulagi gæti sveitarfélagið gengið inn í kaupin og ráðstafað jörðinni á þann hátt að nýting fari saman með framtíðarstefnu sveitarfélagsins. Skoðað verði hvort rétt sé að ríkið verði skyldað til að koma með mótframlag þegar sveitarfélag nýtir forkaupsrétt.

Athugasemdir til nefndar: Tillögur 1. og 2. geta vel fallið saman í eina. Nefndinni er einnig bent á að forsætisráðherra hefur kynnt á samráðsgátt frumvarpsdrög sem snerta málið verulega [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2623](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2623)

3. Tillaga frá Búnaðarsambandi Austurlands

Efni: Tillaga um stofnun áfallasjóðs fyrir útiræktun og akuryrkju

Markmið

Að finna leiðir til að bæta bændum uppskerutjón sem verða vegna óvenjulegra veðurskilyrða s.s. langvarandi kulda og rigninga. Að gera tillögur um hvernig megi starfrækja einhvers konar áfallasjóð til að bæta slíkan uppskerubrest eftir að B deild Bjargráðasjóðs var lögð niður.

Greinargerð

Á Íslandi standa vonir til að auka akuryrkju og ræktun hvers kyns plöntufæðis. Til þess að auka

matvælaöryggi og koma á móts við breyttar neysluvenjur er mikilvægt að auka ræktun s.s. útiræktun grænmetis, jurta, kornrækt og akuryrkju hvers konar.

Á Íslandi hefur dregið úr útiræktun grænmetis á undanförunum árum og þróun í kornrækt er hægfara. Ræktendum grænmetis hefur fækkað og magn útiræktaðs grænmetis minnkað á undanförunum árum. Útiræktun hvers konar þykir ótrygg sökum þess hve veðurfar er óstöðugt. Í hverjum landshluta verða áföll í kornrækt á nokkurra ára fresti sem rekja má til óvenjulegra veðurskilyrða sem geta haft algeran uppskerubrest í för með sér.

Til þess að efla megi ræktun á plöntum til manneldis hér á landi er talið mikilvægt að það sé starfrækt samtryggingarkerfi eða áfallasjóður þannig að draga megi úr fjárhagslegri áhættu bænda vegna slíks uppskerubrests.

Upplýsingar til nefndar: Atvinnuvegaráðuneytið er með til skoðunar tryggingasjóð vegna búfjár sjúkdóma en þar er ekki nefnd útiræktun og akuryrkja. Sjá lið 15. á bls. 10 <https://www.althingi.is/altext/pdf/150/s/0459.pdf>

4. Tillaga frá frá Búnaðarsamtökum Vesturlands, Búnaðarsambandi Kjalarnesþings og Búnaðarsambandi Vestfjarða.

Efni: Dreifikerfi raforku og innviðir

Búnaðarþing skorar á hlutaðeigandi stjórnvöld og stofnanir að tryggja eftir föngum að dreifikerfi rafmagns standist það álag sem íslensk náttúra býður upp á. Jafnframt verði helstu grunnstoðir samfélagsins þannig úr garði gerðar að þær virki jafnvel þótt dreifing rafmagns bregðist.

Greinargerð

Óveður sem gekk yfir landið í byrjun desember síðastliðins olli víða um land miklum truflunum á dreifingu rafmagns með tilheyrandi óþægindum og tjóni, bæði fyrir almenning og atvinnulíf. Jafnframt kom í ljós að ýmsar grunnstoðir samfélagsins eru þess vanbúnaðar að takast á við rafmagnsleysi og urðu óvirkar um lengri eða skemmri tíma, má þar nefna símkerfi, hitaveitur, bensínstöðvar og jafnvel heilbrigðisstofnanir. Augljóslega er því óhjákvæmilegt að styrkja verulega dreifikerfi rafmagns og helst koma því í jörð þar sem það er tæknilega mögulegt. Aldrei verður þó rafmagnsdreifing óbrigðul og því þarf að tryggja eftir föngum að grunnstoðir samfélagsins virki þrátt fyrir rafmagnsleysi, svo sem með vararafstöðvum.

5. Tillaga frá frá Búnaðarsambandi Skagfirðinga

Efni: Byggðamál

Búnaðarsamband Skagfirðinga beinir því til Búnaðarþings 2020 að það kalli eftir skýrri stefnu og aðgerðum frá stjórnvöldum í uppbyggingu innviða í dreifbýli til að bæta búsetuskilyrði í sveitum landsins.

1. Gera þarf stóráttak í uppbyggingu og viðhaldi malarvega
2. Gera þarf stóráttak í endurnýjun á dreifikerfum rafmagns og uppbyggingu á þriggja fasa dreifikerfi.

3. Gera þarf stóráttak í uppbyggingu á fjarskiptakerfum til að tryggja að fjarskiptasamband detti ekki út í rafmagnsleysi.

6. Tillaga frá frá Búnaðarsambandi Austurlands

Efni: Raforkudreifing

Að allir landsmenn búi við sömu kjör varðandi greiðslu á dreifingakostnaði raforku óháð því hvar þeir búa.

Markmið

Íbúar og fyrirtæki greiði sama gjald fyrir dreifikostnað raforku á landinu.

Leiðir

Stjórn BÍ beiti sér fyrir því að réttlæta þann gífurlega ójöfnuð sem nú ríkir hvað varðar dreifikostnað rafmagns. Leita þarf leiða með lagbreytingum um jöfnuð fyrir fámennan hóp landsmanna sem býr við þetta ástand.

7. Tillaga frá frá Búnaðarsambandi Austurlands

Efni: Aðgengi að ljósleiðara og fleiru

Allir landsmenn búi við sambærileg kjör er varðar fyrirtækjarekstur svo sem aðgang að þrífasa rafmagni, ljósleiðara eða hraðtengingum.

Núverandi munur er verulegur sjá verðskrá RARIK.

Ítarefni frá tillöguflytjanda er aftar í skjalinu

Athugasemdir til nefndar: Tillögur 4., 5., 6. og 7. fjalla um sama efni með mismunandi nálgun og ættu að geta fallið saman.

Vakin er athygli á ályktun búnaðarþings 2018 um Samfélag sveitanna og þingsins 2016 um byggðastefnu (sjá hér að neðan)

Samfélag sveitanna (BÞ 2018)

Markmið

Að jafna frekar aðgengi íbúa og fyrirtækja í landinu að þjónustu og standa vörð um sjálfsákvörðunarrétt þeirra. Ályktun búnaðarþings 2016 um byggðastefnu er ítrekuð.

Leiðir

- Að lokið verði uppbyggingu háhraða- og farsímaneta um allt land.

- Að gert verði stórátak í þrífösun rafmagns og afhendingaröryggi orku aukið. Unnin verði áætlun byggð á raunverulegum þörfum notenda og forgangsraðað eftir henni.
- Að fjárveitingar til samgöngumála verði stórauknar í ljósi verulega aukins umferðarþunga
- Að stjórnsýsla miðhálandis sé áfram á forræði viðkomandi sveitarfélaga hvort heldur sem um er að ræða þjóðgarð eða óbreytt ástand, þ.e. þjóðlenda.
- Að háskólamenntað fólk sem starfar í dreifbýli fái eftirgefinn hluta af námslánunum sínum.

Framgangur

Stjórn BÍ hafi forgöngu um framgang málsins við stjórnvöld og þær stofnanir sem málið varðar.

Byggðastefna (BÞ 2016)

Markmið

Tekist verði á við byggðaröskun og aðstaða íbúa og fyrirtækja á landinu jöfnuð hvað varðar ýmsa mikilvæga grunnþjónustu svo sem fjarskipti, raforku og samgöngur í samræmi við bókun um byggðamál í nýundirrituðum rammasamningi B.Í. og stjórnvalda.

Leiðir

- Alþingi tryggi fjármagn til að standa við áætlun um ljósleiðaravæðingu Íslands.
- Settar verði reglur um það með hvaða hætti opinber stuðningur verði veittur til sveitarfélaga sem eru að eða hyggjast leggja ljósleiðara.
- Sama verð gildi fyrir dreifingu á raforku á öllu landinu.
- Þrífösun verði flýtt og afhendingaröryggi aukið.
- Mikil aukning umferðar um vegi landsins kallar á stórauknar fjárveitingar til samgöngumála.

Framgangur

Stjórn B.Í. hafi forgöngu um framgang málsins við stjórnvöld og þær stofnanir sem málið varðar.

2.2 Tengingjöld í dreifbyli

Grunnverð:

Málstraumur/gerð

50	A	ein fasa 460 V	361.600
80	A	ein fasa 460 V	415.000
160	A	ein fasa 460 V	624.000
50	A	Þriggja fasa	361.700
100	A	Þriggja fasa	496.000
200	A	Þriggja fasa	760.800
315	A	Þriggja fasa	1.066.100
400	A	Þriggja fasa	1.218.300
500	A	Þriggja fasa	1.483.000
630	A	Þriggja fasa	1.903.000
800	A	Þriggja fasa	2.356.000
1200	A	Þriggja fasa	3.418.000
1600	A	Þriggja fasa	4.448.000
2000	A	Þriggja fasa	5.541.000
2800	A	Þriggja fasa	7.664.000

1.2 Tengigjöld í þéttbýli og byggðakjörnum

Grunnverð:

Málstraumur/gerð

50	A	Þriggja fasa	178.000
80	A	Þriggja fasa	257.000
100	A	Þriggja fasa	311.000
200	A	Þriggja fasa	576.000
315	A	Þriggja fasa	881.000
400	A	Þriggja fasa	1.109.000
500	A	Þriggja fasa	1.373.000
630	A	Þriggja fasa	1.718.000
800	A	Þriggja fasa	2.171.000
1200	A	Þriggja fasa	3.233.000
1600	A	Þriggja fasa	4.295.000
2000	A	Þriggja fasa	5.357.000
2800	A	Þriggja fasa	7.480.000